

Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu.

Um bikarmót

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu í öllum flokkum unglinga og fullorðinna karla og kvenna. Þrjú Bikarmót með 3 keppisdögum skulu haldin í flokkum D/H16-17 og D/H18 e. Einnig skal telja til stiga báðar einstaklingsgöngur og sprettgöngu á SMÍ. Tvö bikarmót með 3 keppisdögum skulu haldin í flokki D/H12-13 og þrjú bikarmót með 3 keppisdögum skulu haldin í flokki D/H14-15. Einnig skal telja til stiga báðar einstaklingsgöngur UMÍ.
2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag eða byggðarlag keppandi keppir fyrir.
3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrautir. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis.
4. Í Bikarmótum SKÍ skal hafa til hliðsjónar þær vegalengdir sem keppt er í á UMÍ og SMÍ. Vegalengdir og keppnisform ásamt göngutækninni skal ákvarðast af mótshaldara í samráði við SKÍ/Skíðagöngunefnd ár hvert.
5. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Framkvæmdaaðilar móta láti stjórn SKÍ svo og öllum þátttökuhéruðum, félögum og samböndum mótsins í té eitt fullunnið eintak af mótaskýrslum sínum í lausblaðaformi.
7. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af SKÍ skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
8. Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða eftirlitsmönnum niður á Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands, bikarmót og þau mót í héraði er sótt er um í skíðagöngu. Eftirlitsmenn skulu hafa lokið eftirlitsmannanámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.
9. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um skíðamót.

Útreikningur á bikarstigum

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands. Til útreiknings í Bikarkeppni SKÍ í öllum flokkum koma öll mót til útreiknings.
2. Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal 3 efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal bæta við besta árangri á áður ótöldu móti. Ef keppendur eru enn jafnir skal áfram bæta við besta árangri á áður ótöldu móti, allt þar til öll mót eru talin ef keppendur eru ávalt jafnir. Séu keppendur enn jafnir skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjár efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti.
5. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í unglingsflokkum (D/H12-13 og D/H14-15) og veita því stigahæsta verðlaun að loknu síðasta móti vetrarins. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Samþykkt á Skíðapingi 9.maí 2015